



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Þróun norrænna glæpasagna á íslenskum
bókamarkaði**

Ritgerð til MA-prófs í Hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Ólöf Lilja Magnúsdóttir

Október 2012

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

**Þróun norrænna glæpasagna á íslenskum
bókamarkaði**

Ritgerð til MA-prófs

Ólöf Lilja Magnúsdóttir

Kt.: 2404862889

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

Október 2012

Ágrip

Skandinavískar glæpasögur hafa náð að hasla sér völl á Íslandi og njóta mikillar velgengni á íslenskum bókamarkaði. Í þessari ritgerð er greint frá íslenskri útgáfustarfsemi sem tengist þessari grein, en fjallað er um tvö útgáfufyrirtæki, Forlagið og Uppheima, en einnig verður farið í starfsemi og kynningarmál á vegum þeirra, m.a. með því að ræða við einstaklinga í útgáfugeiranum og safna upplýsingum um verkferli og val í tengslum við norrænar glæpasögur.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	4
Inngangur	6
Af hverju les fólk glæpasögur?.....	7
Vinsældir glæpasagna.....	10
Saga norrænna glæpasagna	11
Norrænar glæpasögur	13
Glæpasagnarithöfundar	16
Hlutverk ritstjóra	19
Verkferli og val	21
Þýðendur.....	22
Starfsemi og kynningarmál útgáfufyrirtækja – Forlagið og Uppheimar	23
Þróun þýðinga á Íslandi.....	25
Forlagið	25
Uppheimar	26
Gagnrýni á skandinavískar glæpasögur.....	28
Lokaorð	29
Heimildaskrá	31
Viðauki: Viðtal við Kristján Kristjánson í Uppheimum þann 30. maí 2012	35

Inngangur

Við þurfum ekki annað en að horfa á fréttirnar og lesa dagblöðin til þess að sjá morð, eyðileggingu, svik og aðra glæpi. Glæpir eru ekki aðeins til í skáldsögum, heldur eru glæpir allt í kringum okkur. Sem dæmi má nefna eru fjöldamorðin í Noregi í fyrra, og fjöldamorðin í bíósal Bandaríkjanna í júlí síðastliðnum. Glæpamennirnir náðust báðir í þessum tilvikum, en það endar ekki alltaf þannig. Í glæpasögnum getur fólk farið frá raunveruleikanum og horfið inn í hugarheim rithöfundarins, sem oftast nær lætur allt enda vel, þar sem morðinginn næst og málunum er lokið.

Glæpasögur eru eitt vinsælasta skáldsagnarform í heiminum í dag. Í þessari ritgerð verður farið út í heim norrænna glæpasagna, af hverju fólk er að lesa glæpasögur og hver er ástæðan fyrir miklum ítökum þessarar bókmenntagreinar. Þá verður farið nánar út í norrænu glæpasögurnar, en þær skipa háan sess í hugum lesenda um alla Evrópu, og eru sumar hverjar búnar að festa sig kirfilega í sessi í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þær eru ekki síður vinsælar hér á Íslandi, en þær lenda iðulega í efstu 10 sætunum á metsölulista bókabúða. Frumkvöðlar skandinavískrar glæpasögu eru hjónin Maj Sjöwall og Per Wahlöö, en þetta teymi og sögur þeirra hafa verið innblástur fyrir nútíma glæpasögu rithöfunda. Síðan þá hafa rithöfundar á borð við Jo Nesbø, Henning Mankell og Camilla Läckberg verið meðal uppáhalds rithöfunda landsmanna og er mikil eftirvænting eftir bókum frá þeim.

Farið verður nánar út í starf og hlutverk ritstjóra, hversu mikilvægt það er að hafa gott samstarf á milli hans og höfundar og mikilvægi ritstjórans í útgáfuferlinu. Einnig verður farið í verkferli og val á glæpasögum og bókum almennt í bókaútgáfufyrirtækjum, í starf þýðenda sem og þróun og sögu þýðinga á norrænum glæpasögum. Að lokum verður fjallað um starfsemi og kynningarmál Forlagsins og Uppheima á norrænum glæpasögum.

Af hverju les fólk glæpasögur?

Glæpasögur móta og eru mótaðar af núverandi skoðunum og gildum samfélagsins.

Glæpasögur, ásamt dagblöðum og fréttunum gegna því mikilvægu hlutverki að upplýsa almenning um samfélagið hverju sinni. Þessar ímyndir geta mótað og haft áhrif á skoðun lesenda á glæpsamlegri réttvísi. Guðni Elísson (2006) lýsir því í grein sinni, „Dauðinn á forsíðunni“ hvernig frétttaflutningur dagblaða og tímarita getur haft áhrif á veruleikasýn okkar, og mótað sjálfsmynd og samfélagsskilning einstaklinga. Blöðin segja frá alls kyns óhugnaði og beita í þeim tilgangi ýmsum hefbundnum frásagnaraðferðum sem eiga rætur í gotneskum skáldskap og glæpasagnahefð og ýta þannig undir alls kyns hryllingsdýrkun í nútímasamfélögum. Fréttir *DV* er gott dæmi um slíka veruleikamiðlun, en blaðið leggur mikla áherslu á að leita uppi hryllilegustu fréttirnar og lýsa þeim með sem áhrifamestum hætti. Guðni Elísson orðar það svo í grein sinni: „*DV* reynir að skýra mannlega hegðun eftir forskrift sem m.a. er mótuð í orðræðu vestrænna götublaða. Þessi orðræða birtist kannski í tærustu mynd sinni í bandarískri dægurmenningu og veruleikasýn þar sem skil góðs og ills eru dregin skörpum línunum“ (Guðni Elísson, 2006:108).

Þessi myrka veruleikasýn fjölmiðla litar hugmyndir almennings um samfélagið, jafnt um starf löggæslumanna sem og lífið í undirheimunum, ekki síður en vangaveltur um eigið öryggi. Oftast er það svo að þessi lífssýn breytir hegðunarvenjum fólks, það læsir að sér, vantreystir ókunnugum og kippir sér ekki upp við fréttir af ægilegum ofbeldisglæpum. Að sama skapi eykst refsigleði og ekki er loku fyrir það skotið að ýmsir löggæslumenn, dómáram og kviðdæmendur byggja skoðanir sínar og hugmyndir um réttarkerfið á áralangri spennu- og glæpaþáttaneyslu úr sjónvarpinu, sem og á lestri glæpasagna. Þessar sögur draga iðulega upp myndir af glæpum sem vaxandi vandamál, ofbeldi þykir þar oft viðunandi og stundum nauðsynlegt til þess að berjast gegn glæpastarfsemi (Lenz, 2003).

Til eru ýmsar kenningar um lestur glæpasagna og hvers vegna fólk heillist af hryllingssögum og hinni dökku hlið mannlegs eðlis. Þessar bækur leyfa t.d. venjulegum lesanda að kíkja inn í hugarheim geðsjúklings, inn í heim morða og ofbeldis, án þess að þurfa nokkurn tímann að yfirgefa öryggi heimilisins (Spicer, 1993:189). En þó þarf sögusviðið að sjálfsögðu að vera trúverðugt. Þennan trúverðugleika þótti áður vanta á Íslandi og því voru fáir á þeirri skoðun að íslenskar glæpasögur myndu þrífast hér á landi, en það hefur breyst á aðeins einum og hálfum áratug. Nú hefur sprottið upp ný bókmenntagrein og glæpasagnahöfundarnir Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir eru vinsælustu rithöfundar á Íslandi, jafnframt því sem þau njóta töluverðra vinsælda í útlöndum. Það er þó

ekki þar með sagt að ofbeldi hafi ekki verið til á Íslandi fyrir daga glæpasagna og hryllilegra fréttu í dagblöðum, heldur er veruleiki íslensks ofbeldis að taka á sig aðra mynd, ofbeldið er að færast sífellt nær okkur, hvort sem við horfum á það í fréttum, lesum um það í blöðunum eða í glæpasögum (Guðni Elísson, 2006:108). Yrsa Sigurðardóttir hefur orðað þetta svo:

Það að skoða grimmdarverk manna, hvort sem við lesum það í nútíma glæpasögum eða í raunverulegri fortíð mannkynssögunnar, fær mann til þess að velta fyrir sér þeim hrikalega afleiðingum sem þessi grimmdarverk hafa. Við förum að velta því fyrir okkur hvað lætur einstaklinga fremja grimmdarverk og hvaða áhrif það hefur og við fáum þannig ímugust á slíkri hegðun. Í glæpasögu gefst lesanda tækifæri til að láta höfundinn lýsa með berum orðum þeim óréttlátri hörmungum sem fólk verður fyrir, fullviss um að hið góða fái uppreisn æru og að hið vonða tapi. Eftir slíkan lestur verður maður betur í stakk búinn til þess að skilja mannlegar raunir og getur því fundið til með þeim sem eru ekki svo lánsamir, en lesandinn hefur ef til vill ekki upplifað kynni af morðum eða ofbeldi af eigin raun. Lestur glæpasagnabóka gefur lesandanum tækifæri til að útvíkka eigin reynsluheim án þess að reyna alla hluti á eigin skinni. Bækur hafa það svo umfram sjálf lífið að oftast er ekki gert út um málin, og fæst oftast ekki niðurstaða á málunum. (Yrsa Sigurðardóttir, 2008)

Eitt af því sem lesa má út úr orðum Yrsu er mikilvægi þess fyrir glæpasagnahöfunda að skapa trúverðugar söguhetjur. Einn liður í því er að skrifa um hversdagslegt líf söguhetjunnar og jafnvel glæpamannsins þannig að það líkist ef til vill okkar eigin lífi. Og þegar lífinu og heiminu eins og við þekkjum hann er stefnt saman við þá hryllilega glæpi sem persónurnar í glæpasögunni verða vitni að færir það glæpinn nær okkur. Sagan verður raunverulegri og hryllilegri fyrir vikið, vegna þess að það er auðvelt fyrir okkur að ímynda okkur hvernig morð eða hryllilegur glæpur gæti gerst í okkar heimi. Það er auðveldara fyrir okkur að trúá því að glæpirnir í bókinni séu hluti af veruleika okkar, en það er það sem gerir lesningu á glæpasögu áhrifamikla. Það er mikilvægt að hafa allar lýsingar sem raunsæjastar, svo sem á persónum, umhverfi og lífinu í nútímaþjóðfélagi. Glæpasögur eru að einhverju leyti spegill samtímans og oft er talað um þörfina til þess að koma á framfæri einhvers konar samfélagslegri gagnrýni, en hana er að finna víða í glæpasögum. Glæpirnir sjálfir eru oft birtingarmynd samfélagslegs sjúkleika, en misjafnt er hversu mikla áherslu höfundar leggja á þennan þátt sögunnar. Ádeila af þessu tagi virðist þó vera rík innan norrænu krimmahefðarinnar og hafa höfundar hennar

markað sér sérstöðu með því að taka fyrir ýmis málefni sem brenna á samtímanum. Margir kvenhöfundar deila á karlveldið í bókum sínum, þar sem kvenhetjurnar kljást við almenna fordóma ekki síður en fordóma karlanna sem þær starfa með og eru tengdir þeim, á sama tíma og þær eiga við alls kyns glæpalýð (Rut Ingólfssdóttir, 2010:13).

Saga glæpasagna tengist jafnframt aukinni sérhæfingu í rannsókn glæpa, jafnt stofnun sérþjálfaðs lögreglu liðs og þróun réttarrannsókna og réttartækni, en í næstum hverri einustu glæpasögu er fórnarlamb eða lík sem rannsóknarmaðurinn, sem er oftast lögreglumaður, lögfræðingur eða blaðamaður, beinir öllu sínu einstaka túlkunarvaldi, svo að leysa megi ráðgátuna og réttlæti verði aftur komið á. Hans markmið er að útskýra atburð sem í augum allra annarra virðist vera óútskýranlegur. Það sem er í húfi er ekki aðeins að bera kennsl á hið látna fórnarlamb eða grunaða einstaklinginn, heldur er einnig mikilvægt að sýna möguleikana sem búa í rannsóknaraðferðum, tækjum og sérþekkingu rannsóknarmannsins. Margir rithöfundar hafa skapað rannsóknarmenn sem hafa þessa þekkingu og færni að geta lesið hinn leynda sannleika fortíðarinnar á líkama fórnarlambins sem og glæpamannsins. Skýrasta dæmið úr samtíma okkar eru sjónvarpsþættirnir vinsælu C.S.I., en þeir snúast einmitt um réttarrannsóknarvinnu, þar sem vísbendingar af vettvangi glæpsins eru notaðar til þess að bera kennsl á fórnarlambið, öðlast skilning á þeim atburðum sem drógu fórnarlambið til dauða og ná höndum yfir glæpamanninn. Þættirnir eru þó ekki mótaðir af þröngum raunsæiskröfum, því að tæknin er gjarnan mjög á undan sínum tíma, auk þess sem hlutverkaskipting lögreglumannanna og vísindamannanna er ekki nógu skýr og farið er inn á glæpavettvang í háhæluðum skóm með slegið hár. C.S.I þættirnir gefa því falska mynd af rannsóknarvinnu nútímarannsóknarstofnana þrátt fyrir allt yfirborðsraunsæið, en í ofanálæg tekur það yfirleitt rannsóknarmennina nokkra daga til þess að leysa morðmálið í sjónvarpinu. Almennigur er farinn að ætlast til þess að þetta sé jafn auðvelt í raunveruleikanum, og kemur oft með uppástungur um það hvað gera mætti til þess að leysa erfið sakamál, og setur þá fram uppástungur sem oftast eru ómögulegar, nema að sjálfsögðu í sjónvarpi (Thomas, 1999:3). Svona djúpt ristir áhrifamáttur glæpasagna í samtímanum.

Vinsældir glæpasagna hafa aukist jafnt og þétt, en á Íslandi varð ákveðin bylting um 1977–1978 með útgáfu glæpasagnaseríu sænsku rithöfundanna Per Warhlöo og Maj Sjöwall. Í dag eru glæpasögur vinsælustu kiljurnar í bókabúðum landsins, ákveðnir glæpasagnadagar eru haldnir í Eymundsson og í auglýsingum eru glæpasögur sagðar tilvaldar í sumarfríð og sumarbústaðinn.

Vinsældir glæpasagna

Rithöfundar sakamálasagna endurspeglar tímabilið hverju sinni en þó hafa rithöfundar mismunandi sýn og sinn eigin skilning á glæpasögunni. Öfgakenndustu glæpirnir – svo sem raðmorð – hafa orðið að vinsælu viðfangsefni í félagslegri skáldskaparlist. Í kappi við raunveruleikann, þá hafa rithöfundar glæpasagna, ásamt því að endurspeglar hvert tímabil fyrir sig, verið að auka glæpina og hryllinginn í sögum sínum (Haut, 1999:206).

Góð glæpasaga sem vekur upp snjallar spurningar um glæpi og og dregur upp sterkar myndir af sögusviði. Hún inniheldur óvissu og dulúð sem og rökrétt ályktanaferli sem útskýrir hina dularfullu atburði. Bókin verður að innihalda raunverulegar sögupersónur, með dýpt og persónuleika. Þær spanna allt litróf siðferðisins, mestu skiptir að lesandinn taki þær trúanlegar og geti fundið fyrir meðaumkun með þeim og þeirra hlutskipti. Annars er hætt við að hlutskipti þeirra hljóti litla náð fyrir augum lesandans. Ef vel tekst til og ef lesandinn getur gleymt sér yfir bókinni, er það merki um að höfundur hafi tilfinningu fyrir því hvernig á að vekja ákveðinn stað til lífsins (Cavin, 1993:203). Lögfræðingar, lögreglumenn og blaðamenn tengjast oft glæpamálaum í sínu starfi og eru þar af leiðandi fullkomnar söguhetjur í glæpasögunum. Aðrar söguhetjur verða oft að hafa fyrir því að afla sér upplýsinga um glæpin, eins og Katrín Jakobsdóttir hefur bent á í bók sinni um íslensku glæpasöguna:

Það getur verið erfiðleikum háð að búa til bókaseríu um spæjara sem starfar ekki við glæpamál. Lesandi leynilögreglusögunnar er að vísu tilbúinn að kynna persónum sem flækjast inn í glæpamál af tilviljun og leysa þau en höfundur þarf eigi að síður að vanda sig nokkuð í slíkri persónusköpun þar sem tengsl persónanna við glæpamálin liggja ekki eins beint við og þegar málin eru t.d. leyst af lögreglunni. Áhugasþæjarinn stendur verr að vígi en lögreglan að því leyti að hann hefur ekki opinbert leyfi til að yfirheyra hina grunuðu og býr sjaldnast yfir sama tækjakosti. Oft skapa höfundar nán tengsl milli áhugasþæjara og lögreglu til að áhugamaðurinn fái aðgang að nauðsynlegum upplýsingum. (Katrín Jakobsdóttir, 2001:50)

Að sama skapi verður hver glæpasagnahöfundur sem vill setja mark sitt á greinina að feta sem best einstigið milli formúlu og frumleika, en ýmir hafa reynt að skilgreina hefðbundnar glæpasagnaformúlur, eins og t.d. bandaríski glæpasagnahöfundurinn S.S. Van Dine sem setti fram tuttugu reglur sem hann taldi nauðsynlegt að fylgja þegar semja átti góða leynilögreglusögu. Breski höfundurinn Ronald A. Knox gaf út tíu sams konar boðorð árið

1929. Einnig var stofnaður svokallaður spæjaraklúbbur árið 1928 í London, en klúbbfélagar voru vinsælustu glæpasagnahöfundar Bretlands. H. Douglas Thomson hefur búið til formúlu sem hann telur afar dæmigerða fyrir þessa grein sagna. Hann telur upp níu liði:

- 1) Morð;
- 2) Kynning á persónum sem allar virðast mjög grunsamlegar;
- 3) Réttarrannsókn;
- 4) Vísbindingar og blindgötur í rannsókn;
- 5) Málið óupplýst;
- 6) Aðalleynilögreglumaðurinn tekur upp málið;
- 7) Nýjar persónur undir grun (að því virðist);
- 8) Málið upplýst;
- 9) Lausnin útskýrð. (Katrín Jakobsdóttir, 2001:29)

Norræna glæpasagan sækir í þessa arfleifð, en hún hefur einnig ýmis séreinkenni sem greina hana frá almennu hefðinni.

Hér á eftir verður farið í sögu norrænu glæpasögunnar, hvað er það við þær sem heillar og fjallað verður um þrjá vinsæla rithöfunda í Skandinavíu, þau Henning Mankell, Camilla Läckberg og Stieg Larsson.

Saga norrænna glæpasagna

Skandinavískir glæpasagnarhöfundar, en þar má nefna Leif Davidsen, Karin Fossum, Arnaldur Indriðason, Anne Holt, Stieg Larsson, Leena Lehtolainen, Henning Mankell og Liza Marklund, eru þekktir út um allan heim. Þeir hafa selt milljónir bóka sem hafa verið þýddar á mörg tungumál og þeir hafa tekið á móti mörgum bókmenntaverðlaunum. Einn mest seldi glæpasagnarhöfundur Skandinavíu er Henning Mankell, en bækur hans um Kurt Wallander hafa selst í 25 milljónum eintaka, en það er meira en heildarsala Harry Potter bókanna á þýsku málsvæði. Fyrsta bók Stieg Larsson var svo mest selda skáldsagan í Evrópu árið 2008 og fór í fjórða sæti í New York Times listanum yfir mest seldu bækurnar árið 2009 (Nestingen og Arvas, 2011:1).

Þessar glæpasögur snúast gjarnan um ýmis konar félagslega gagnrýni, gagnrýni á kynjapolítík og þjóðernislegar stofnanir og hafa oft á tíðum drungalegan, dapurlegan og svartsýnan blæ yfir sér. Þessir þættir eru augljósir í öðrum glæpasagnahefðum, en í skandinavískum glæpasögum eru þeir sérlega fyrirferðarmiklir og vel úr garði gerðir. Á

árunum 1965–1975 birtu Per Wahlöö og Maj Sjöwall tíu bóka seríu um rannsóknarmanninn Martin Beck og rannsóknarteymi hans í Stokkhólmi. Þessi arfur Wahlöö og Sjöwall hafði djúpstæð áhrif á skandinavískar glæpasögur og gerði þær frægar. Að sama skapi var með þeim lagður grunnur að greininni, mikilvægt viðmið sem tók í senn til stílsins, sögusviðsins og frásagnarminna og bjó þannig til ákveðnar væntingar með lesendum (Nestingen og Arvas, 2011: sjá t.d. á bls 2). Í bókum Wahlöö og Sjöwall rannsakar Stokkhólmslögreglan ýmsa glæpi sem varpa um leið ljósi á ákveðinn samfélagsvanda, tíðaranda og hitamál. Höfundarnir nýta lögreglustörfin markvisst til að koma ákveðnum pólitískum skilaboðum á framfæri og pólitísk umræða ágerist í seinni bókum þeirra (Katrín Jakobsdóttir, 2001). Þrátt fyrir yfirráð Sjöwall og Wahlöö í sögu norrænna glæpabókmennta spruttu bækur þeirra ekki úr tómarúmi. Mikið magn glæpasagna var gefið út í Skandinavíu löngu fyrir tíma Wahlöö og Sjöwall, til að mynda var fyrsta glæpasagan í Finnlandi gefin út árið 1910, en fyrsta glæpasagan frá Svíþjóð 1893. Glæpasögurnar blómstruðu í Finnlandi á stríðsárunum 1939–1940 og 1941–1944, en það var skortur sem orsakaðist af stríðinu sem stuðlaði að aukinni útgáfu og lestri. Tími glæpasagnanna rann hins vegar upp seinna í Svíþjóð, um miðbik aldarinnar með rithöfundunum Stieg Trenter, Maria Lang (Dagmar Lange), Vic Suneson og H. K. Rönblom. Gullöld glæpasagna í Danmörku og Noregi byrjaði snemma, á milli 1910 og 1920 með rithöfundunum Sven Elvestad og Steen Steensen Blicher. En þegar nasistarnir hernámu Noreg á árunum 1940–5 hófst ný gullöld glæpasagna þegar rithöfundar og útgefendur sóttu í afþreyingu til þess að flýja veruleikann (Nestingen og Arvas, 2011:4).

Skandinavískar glæpasögur eru helst frægar fyrir þunglyndislega lögreglumenn sem eru hljóðir, kostgæfnir, þyrstir og svo framvegis. Sumir telja jafnvel að söguhetjan spretti úr sjálfsvorkunn. „One may ask, however, if a heroic trope has been created from stories of self-pity“ (Nestingen og Arvas, 2011:9). En þetta er þó ekki regla í skandinavískum glæpasögum þar sem þessum þunglyndissjúklingum virðist vera að fækka, og í staðinn hafa komið nútímalegri söguhetjur, sem finna sig í starfi sínu og njóta sín best þar, en fá þó ýmsa hjálp frá samstarfsfólki sínu sem hjálpa þeim að leysa málin (Bergman, 2011:35).

Í skandinavískum glæpasögum er oft skrifað um fortíðina og hún túlkuð á mismunandi hátt: „the best crime-fiction writers have been digging into the secrets of history in order to expose the complex reality behind the official, homogeneous version of Scandinavian history from the 1940s until today“ (Meyhoff, 2011:62) Þeir rithöfundar sem endurskrifa þjóðernislegar sögur í Skandinavíu eru þeir Jo Nesbø (Noregur), Stieg Larsson (Svíþjóð) og tvíeykið Simon Pasternak og Christian Dorph (Danmörk). Þessir glæpasagnarithöfundar

afhjúpa flókna menningarsögulega fortíð í skrifum sínum, en í stað þess að líkja eftir sögulegum atburðum endurtúlka þeir atburðina í frásögninni með ýmsum hætti og flétta saman við formúlur greinarinnar.

Rather than simply copying the conventionalized form and content of the classical Scandinavian police procedural, these writers recycle and reinterpret the elements of the genre, adding a detailed knowledge of historical and past events to the narratives, thus creating what could be coined a version 2.0 of the Scandinavian police procedural. (Meyhoff, 2011:63)

Í staðinn fyrir að endurskapa ákveðið sögulegt tímabil þá rannsaka þeir sagnfræðina ítarlega fyrir frásögnina, og afhjúpa þannig aðrar hliðar á sögulega atburðinum og sýna hvernig þessum atburðum var leynt í þeim tilgangi að vernda pólitískar valdastéttir í nútímasamfélögum Svíþjóðar og Noregs: „Both Nesbø and Larsson are particularly focused on the most powerful strata of society and the influence of right-wing ideology during and after the Second World War“ (Meyhoff, 2011:68). Sem dæmi má nefna sagnfræðina sem Larsson notar í fyrstu bók sinni *Män som hatar kvinnor*¹ (2005), þegar hann tengir nasistahreyfinguna á styrjaldarárunum áhrifamiklum einstaklingum í stóru fjölskyldufyrirtæki í Svíþjóð. Þessar skáldsögur gera okkur ljóst að fortíðin lifir enn í nútímanum og getur enn valdið hörmungum og dauða (sjá t.d. Meyhoff, 2011: 69).

Skandinavískar glæpasögur festast í sessi sem sérstök undirgrein á síðasta aldarfjórðungi síðustu aldar. Í framhaldi af því, urðu glæpasögur sem skrifaðar voru af skandinavískum rithöfundum ákveðið vörumerki og lesendur sagnanna setja sig óneitanlega í sérstakar stellingar þegar kemur að lestrinum, enda ýmis minni gamalkunn, til að mynda endalaus ríging og bleyta, friðsæl vötn og lauflaus tré, strjálbýli og auðn, störfum hlaðnir lögreglumenn og ýmis konar félagslegar hömlur sem settar eru fram í samhengi félagslegrar og pólitískrar gagnrýni (Nestingen og Avas, 2011:15).

Norrænar glæpasögur

Glæpasögur eru fullkomin leið til þess að draga upp mynd af samfélagsspennu í mismunandi þjóðfélögum. Með því getur glæpasagan einnig upplýst fólk um raunverulegt gangverk samfélagsins og um ýmsa kima innan þess sem flest okkar vita lítið sem ekkert um. Glæpasagan er oftast nákvæm þegar kemur að mannlegu eðli og kannar ákveðin svið

¹ Stieg Larsson: *Karlar sem hata konur*. Þýðandi Halla Kjartansdóttir. Reykjavík Bjartur 2008.

tilfinninga og hegðunar, svo sem sektarkennd, refsingu, ábyrgð og friðþægingu. Þannig skiptir í raun ekki máli frá hvaða landi eða svæði rithöfundurinn kemur og skýrir því einnig alþjóðlega skírskotun greinarinnar (Forshaw, 2012:114).

Flestir rithöfundar fjalla um félagslega tengd vandamál í bókum sínum, svo sem kynjamismun og félagspólitík. Arnaldur Indriðason beinir t.d. augum að genarannsóknunum og íslenskri félagsþjónustu og velferð. Hann fléttar saman samfélagsrýni og glæpum, t.d. með sögum um kvótakerfið, einræktun og spillingu í stjórnarkerfinu. Hluti af velgengni þessara tegunda bóka bæði í Skandinavíu sem og annarsstaðar í heiminum hefur eflaust eitthvað með félagslega skuldbindingu að gera, lesendur vilja bækur sem snúast öðrum þræði um mikilvæg félagsleg réttindi og varðveislu þeirra, en frásagnarflétta snýst gjarnan um breytingar á félagslegum aðstæðum og baráttu hjá venjulegum einstaklingum sem búa í Skandinavíu og eru að reyna að finna sinn stað í samfélaginu og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Við getum því samsamað okkur söguhetjunum, eða þótt þetta félagslega kerfi aðlaðandi og æskilegt og það laðar að marga lesendur (Forshaw, 2012: 164-165).

En það er ekki aðeins skandinavíska samfélagsgerðin sem dregur lesendur að norrænum glæpasögum, í bakgrunni er einnig seiðandi og hrikaleg náttúra, sem töfrar líklega marga lesendur í löndum þar sem þéttbýli er mikið og nánasta umhverfi er kannski stórborgin eða skipulagslaus byggð. Veðurfarið í Skandinavíu rúmar allt frá sumarblíðu yfir í snjóstorma og miklir skógar hylja fjallótt landsvæði. Miklar öfgar eru í veðurfari milli sólríkra sumra og harðra og langra vetra, þar sem skammdegismyrkrið grúfir sig yfir allt og getur verið ágætis sögu svið glæps.

Denmark remains a country that can lay claim to the most European of identities, with its residents defining themselves by their cosmopolitan nature and the easygoing attitude exemplified by life in the capital Copenhagen. By contrast, the forbidding landscapes of Norway (with its storm-blown northern coast and massive fjords) belong to a region that can seem exotic and challenging to metropolitan outsiders... „Regarding to the striking physical qualities of Sweden, its worldwide reputation is impossible to contest: the exquisite lakes and wooded areas stretching for many miles create a landscape almost without equal in the world.“ (Forshaw, 2012:4)

Sá framandleiki við Skandinavíu sem heillar lesendur hvað helst, er hráslagalegt landslag, myrkrið og snjórinn, en þó að veturnir geti verið harðir, er líka mikið um sólríka daga, líkt og annars staðar í Evrópu (Forshaw, 2012:5).

Opinber ímynd Skandinavíu birtist í ýmis konar klisjum þar sem óspillta víðátta náttúrunnar er í fyrirrúmi, há fjöll og djúpir firðir, villt dýralíf hreindýra og úlfa þegar norðar dregur, gömul byggingahefð og nútíma hönnun, þjóðlíf þar sem íbúar eru ljóshærðir, heilbrigðir einstaklingar og hafa fullkomið heilbrigðiskerfi. Þetta er ímynd sem á sér einhverja hliðstæðu í raunveruleikann en er jafnframt viðfangsefni í skandinavísku glæpasögnum sem stundum gangast inn á hana, en taka hana jafnframt til greiningar – og benda á vandann sem liggur undir áferðarfögru yfirborðinu. Á meðan skandinavískir lesendur eru t.d. stoltir af árangri Stieg Larssons og vinsældum bóka hans á heimsvísu, þá eru þeir áhyggjufullir af þeirri mynd sem hann dregur upp af samsærum og spillingu í bókum sínum:

While Scandinavian readers are proud of the worldwide success of such books as *The Girl with the Dragon Tattoo*, they are a little uneasy with the devastatingly negative picture of virtually all the important institutions in Sweden presented by Stieg Larsson. (Forshaw, 2012:11)

Það mætti segja að boltinn hafi farið að rúlla í nútíma skandinavískum glæpasögnum með bókinni *Frøken Smillas fornemelse for sne* (1994)² eftir Peter Høeg frá Danmörku en bókin kom út árið 1992. Hér var á ferðinni snjallur og frábærlega vel gerður glæpaskáldskapur, sem endurvann og umbreytti þeirri glæpasagnahefð sem Maj Sjöwall og Per Warhlöö höfðu tekið að móta svo snemma sem árið 1965. En bók Peter Høeg var aðeins toppurinn á ísjakanum. Henning Mankell kom síðar til sögunnar með dökkleitar og dáleiðandi frásagnir af lögreglumanninum Kurt Wallander. Stokkhólmur er einnig söguviðið í bókum Lizu Marklund, með hennar lífseiga rannsóknarblaðamanni og kvenhetju í skáldsögnum sínum. Hápunktinum var náð með Millenium-sagnaflokki Stiegs Larsson um blaðamanninn Michael Blomkvist, sem braut öll sölumet og var gerður eftir honum flokkur sænskra kvikmynda sem fór í alþjóðlega dreifingu (allar framleiddar 2009), auk þess sem bandarísk útgáfa fyrstu sögunnar, *The Girl with the Dragon Tatto* kom út 2011. Larsson lést árið 2004, ári áður en fyrsta sagan í Millennium-þríleiknum var gefin út á sænsku og tókst því aldrei að fylgja eftir velgengni bóka sinna. Það má segja að Jo Nesbø frá Noregi hafi tekið við krúnunni af Larsson, en bækur hans hafa notið mikilla vinsælda um allan heim (Forshaw, 2012:5).

² Peter Høeg: *Lesið í snjóinn*. Þýðandi: Eygló Guðmundsdóttir. Reykjavík: Mál og menning 1995.

Vinsældir þessarar sagnalistar hafa opnað leið fyrir aðrar tegundir af skandinavískum bókmenntum á heimsvísu sem verður að teljast sem jákvæð þróun (Forshaw, 2012:34).

Glæpasagnarithöfundar

Henning Mankell er einn helsti glæpasagnahöfundur nútímans og er jafnan efstur á lista yfir söluhæstu þýddu glæpasögurnar, auk þess sem vinsælar sjónvarpsþáttaseríur hafa verið gerðar eftir bókum hans, bæði í Svíþjóð og síðar í Bretlandi.. Á Íslandi hefur útgáfufyrirtækið Forlagið gefið út bækur hans undir merki Máls og menningar. Mankell dregur ekki upp bjarta mynd af hinu sænska velferðarríki. Söguhetjan Kurt Wallander er líka víðsfjarri hinum ljóshærðu, heilbrigðu Svíum, hann er gamall, skapvondur og þreyttur lögreglumaður í yfirvigt og helstu vandamál samtímans liggja þungt á honum og sálu hans. Sumir segja að Kurt Wallander sé önnur hlið á Mankell sjálfum þó svo að hann hafi ekki viðurkennt það. Í bókinni *Pyramiden* sem Mankell skrifar 1999 er Kurt Wallander í aðalhlutverki, en það var ætlun Mankells að hleypa dóttur Wallander, lögregluþjóninum Lindu fram í sjónarsviðið í síðari bókum sínum og gera hana sem aðalsögupersónu. Árið 2002 skrifaði hann bókina *Innan Frosten*³ þar sem Linda Wallander er í aðalhlutverki, en sorglegur atburður aftraði áframhaldandi skrifum um Lindu. Leikkonan sem lék Lindu í sænsku sjónvarpsþáttaröðinni Wallander, Johanna Sällström, fyrirfór sér árið 2007, aðeins 32 ára gömul. Henning Mankell tók þetta svo nærri sér að hann gat ekki hugsað sér að halda áfram að skrifa alfarið um hennar persónu. Þar af leiðandi tók Birgitta Roslin við af Lindu Wallander sem söguhetja í bókinni *Kinesen*⁴ árið 2007. Árið 2009 ákvað Henning Mankell að skrifa síðustu bókina um Kurt Wallander, í bókinni *Den orolige mannen*⁵ (Forshaw, 2012:23).

Mankell byrjaði að skrifa glæpasögur upp úr 1980 vegna þess að hann vildi benda á hvernig þjóðfélagið væri að breytast til hins verra. Glæpnum var ætlað að vera einhvers konar samfélagsspegill, t.d. vekja lesendur til vitundar um kynþáttafordóma og útlendingahatur í Svíþjóð (McCorristine, 2011:78).

Það getur verið erfiðleikum undirorpið að laga sérstakan samfélagsheim að erlendum menningarsvæðum. Henning Mankell hefur rétt eins og aðrir skandinavískir rithöfundar þurft að treysta á þýðendur sína í þeim efnum, en helstu þýðendur bóka Mankells yfir á ensku eru

³ Henning Mankell: *Fyrir frostið*. Þýðandi Þórdís Gísladóttir. Reykjavík: Mál og menning, 2007.

⁴ Henning Mankell: *Kínverjinn*. Þýðandi Þórdís Gísladóttir. Reykjavík: Mál og menning, 2009.

⁵ Henning Mankell: *Órólegi maðurinn*. Þýðandi Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Reykjavík: Mál og menning, 2011.

Þau Steven L. Murray, Ebba Segerberg og Laurie Thompson, en sú síðastnefnda hefur þýtt nýjustu þrjár bækur hans. Hún telur að ef þýðandi eigi að geta þýtt bækur sem gerast í velskilgreindu umhverfi, eins og Svíþjóð, þá verði hann að geta samsamað sig umhverfinu og vita nokkurn veginn hvað það er sem hann er að þýða. Þar sem Laurie Thompson hefur átt heima í Svíþjóð í fjögur ár og er gift Svía, þá hefur hún mikla reynslu af umhverfi Svíþjóðar og misskilur síður orðatiltækin í bókum Mankells sem og annarra rithöfunda.

I think it is essential for a translator to know about it the connotations of the word „skog“ for Swedes: it translates as „forest“, possibly „woods“. But the word has spiritual, almost magical connotations for Swedes. (Forshaw, 2012:30)

Upplifun Laurie á umhverfinu sem Mankell lýsir í bókum sínum er raunveruleg. Þau frumatriði sem gera bækur Mankells svona vinsælar eru sérstakt sögusvið Skandinavíu og góð innsýn inn í samfélagið (Forshaw, 2012:29). Einnig hefur persóna hins flókna Kurt Wallander heillað lesendur. Henning Mankell hefur nær alltaf skrifað bækur út frá sjónarhorni karlmans en það hefur þó verið að breytast og almennt eru kvenhetjur mun meira áberandi í skandinavískum glæpabókmenntum í dag, en sú þróun hófst fyrir alvöru fyrir rúmum áratug. Sem dæmi má nefna eru bækur eftir Lizu Marklund og Camilla Läckberg þar sem kvenhetjurnar eru í fyrirrúmi. Í sögum hinnar síðarnefndu er söguhetjan, Erika, rithöfundur og aðstoðar maðinn sinn, sem er lögreglumaður, við að leysa glæpi. Á sama tíma fáum við jafn mikið að vita um fæðingarþunglyndi Eriku, skreytingarnar í stofunni, áhyggjur og vandamál með systurina og kvenlegt sjónarhornið er meira ríkjandi en gengur og gerist hjá karlhöfundunum. Að sama skapi stendur allt umhverfið nær lesandanum, hann þekkir það og fólkið á síðunum, en þetta eru öðruvísi hetjur en töffarar á borð við James Bond (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Camilla Läckberg hefur á Íslandi verið gefin út af útgáfufyrirtækinu Uppheimum, en Camilla hefur verið kölluð „hin nýja Agatha Christie“. Fyrsta bók hennar sem náði miklum vinsældum út um allan heim var *Isprinsessan*⁶ (2002) og fylgdu fleiri bækur í sömu seríu í kjölfarið, *Predikanten*⁷ (2004), *Stenhuggaren*⁸ (2005), *Olycksfågeln*⁹ (2006), *Tyskungen*¹⁰ (2007), *Sjöjungfrun*¹¹ (2008), *Fyrvaktaren*¹² (2009), og sú nýjasta er bókin *Änglamaskerskan*¹³

⁶ Camilla Läckberg: *Isprinsessan*. Þýðandi Anna Ragnhildur Ingólfssdóttir. Reykjavík: Ari 2006.

⁷ Camilla Läckberg: *Predikarinn*. Þýðandi Sigrún Ástríður Eiríksdóttir. Reykjavík: Ari 2007.

⁸ Camilla Läckberg: *Steinsmiðurinn*. Þýðandi Anna Ragnhildur Ingólfssdóttir. Akranes: Uppheimar 2008.

⁹ Camilla Läckberg: *Óheillakrákan*. Þýðandi Sigurður Þór Salvarsson. Akranes: Uppheimar 2009.

¹⁰ Camilla Läckberg: *Ástandsbarnið*. Þýðandi Anna Ragnhildur Ingólfssdóttir. Akranes: Uppheimar 2009.

¹¹ Camilla Läckberg: *Hafmexjan*. Þýðandi Sigurður Þór Salvarsson. Akranes: Uppheimar 2010.

(2011). Umhverfið sem hún skrifar í bókum sínum er Fjällbacka í Svíþjóð, þar sem hún fæddist og ólst upp. Þó að henni sé oft líkt við Agöthu Christie þá eru skrif Läckberg mun nútímalegri, og hún býður í bókum sínum upp á mynd af samfélagi sem er bæði spennandi og heillandi. Läckberg fer einstaklega vel að kalla fram hræðslu – en það er einn af hennar bestu hæfileikum. Hún býður upp á öðruvísi hugarheim en margir aðrir rithöfundar, en hún skrifar hrollvekjandi og sálfræðilegar spennusögur sem jafnframt búa yfir hjartnæmri frásögn. Hún skrifar mikið um samband söguhetja sinna, sem kynnast í fyrstu bókinni í tengslum við morðmál, og seinna gifta þau sig og eignast börn. Hún er trú þessari ástarsögu í öllum bókum sínum og kynnist maður persónunum sem sífellt þróast og breytast:

Läckberg provided something rather different to many of her peers, in that she was writing chilly psychological thrillers which nevertheless had something of a warm heart – the ongoing relationship of the detective Patrik Hedström and the author Erica Falck. (Forshaw, 2012:39)

Í bókum Läckberg er smábærinn Fjällbacka í aðalhlutverki og glímir hún við sænskt samfélag, og pólitísk, félagsleg og efnahagsleg vandamál þar í landi. Meðal annars fjallar hún um hnignum sveitasamfélaga, vandamál tengd skandinavísku fjölskyldulífi, nýnásisma og áhrif seinni heimsstyrjaldarinnar á Svíþjóð. Í nýjustu bók sinni fjallar hún meðal annars um konur sem á 19. öld tóku að sér munaðarlaus eða umkomulaus börn og fengu peninga að launum (Forshaw, 2012:41). Sumar af þessum konum myrtu börnin og voru kallaðar englasmiðir. Hilda Nilsson var síðasta konan sem dæmd var til dauða í Svíþjóð, og var þekkt sem „englasmiður“. Hún átti að láta lífið í fallöxinni árið 1917, en hengdi sig sama ár, stuttu áður en dauðarefsingin átti að fara fram. Í bók sinni, *Englasmiðnum* fjallar Läckberg um dóttur „englasmiðs“ sem var dæmd til dauðarefsingar fyrir að drekkja börnum sem hún fékk borgað fyrir að sjá um (Riving, 2008:75).

Sama ákafa samfélagsskilninginn má sjá í verkum Stiegs Larsson sem varð heimsfrægur fyrir bækurnar um Lisbeth Salander og Michael Blomkvist, *Män som hatar kvinnor*¹⁴ (2005), *Flickan som lekte med elden*¹⁵ (2006) og *Luftslottet som sprängdes*¹⁶ (2007). Fyrsta bókin er eflaust ein mest lesna bók í heiminum, á eftir *The Da Vinci Code*¹⁷ (2003) eftir Dan Brown. Í

¹² Camilla Läckberg: *Vitavörðurinn*. Þýðandi Sigurður Þór Salvarsson. Akranes: Uppheimar 2010.

¹³ Camilla Läckberg: *Englasmiðurinn*. Þýðandi Sigurður Þór Salvarsson. Akranes: Uppheimar 2012.

¹⁴ Stieg Larsson: *Karlar sem hata konur*. Þýðandi Halla Kjartansdóttir. Reykjavík: Bjartur 2008.

¹⁵ Stieg Larsson: *Stúlkan sem lék sér að eldinum*. Þýðandi Halla Kjartansdóttir. Reykjavík: Bjartur 2010.

¹⁶ Stieg Larsson: *Lofkastalinn sem hrundi*. Þýðandi Halla Kjartansdóttir. Reykjavík: Bjartur 2010.

¹⁷ Dan Brown: *Da Vinci Lykillinn*. Þýðandi Ásta S. Guðbjartsdóttir. Reykjavík: Bjartur 2004.

bókum sínum fjallar Larsson bæði um pólitísk og persónuleg mál, en hann var virkur talsmaður réttinda kvenna í Mið-Austurlöndum og skrifaði gegn nýnasískum hreyfingum um allan heim. Þá fjallaði hann einnig um mannsal og innflytjendamál í Svíþjóð. Aðalkvenhetja Larssons, Lisbeth Salander, á sér enga líka. Drykkfelldi, gamli lögreglumaðurinn er nú horfinn og í staðinn komin skemmd og illa farin ung kona sem upplifði erfiða barnæsku, en félagslega kerfinu sem var ætlað að þjóna almenningi hefur mistekist að hugsa um hana. Lisbeth er haldin andfélagslegum tilhneigingum og áréttar sérstöðu sína með útlitinu. Hún er með stutt, svart hár, pinna um allan líkamann, húðflúr og klæðist aðeins svörtu. Hún er jafnframt hörku dugleg, sjálfstæð og greind og hefur getu til þess lesa í umhverfi sitt og samferðafólk. Lesendum þótti miður að sjá ekki meira af Lisbeth Salander þegar sögunni lauk (Forshaw, 2012:65).

Árþúsundþrífleikurinn naut ekki síður vinsælda á Íslandi en annars staðar í heiminum (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur, 29. maí 2012), en þær má líklega öðrum þræði rekja til kvikmyndanna sem gerðar hafa verið eftir sögunum, en þær endurvekja áhugann á þeim með jöfnu millibili. Í sænsku kvikmyndunum eftir bókunum léku þau Michael Nyqvist og Noomi Rapace aðalhlutverkin af stakri snilld. Fyrsta myndin¹⁸ vann ein BAFTA verðlaun og tólf önnur, og var tilnefnd til 22 annarra verðlauna. Önnur myndin¹⁹ fékk fjórar tilnefningar og þriðja myndin²⁰ eina. Allar hafa þær fengið mjög góða dóma og hafa þær meðal annars verið sýndar sem framhaldsþættir í sjónvarpi. Nú er búið að endurgera fyrstu myndina í Bandaríkjunum²¹ með þeim Daniel Craig og Rooney Mara en sú mynd hefur fengið afbragðsdóma. Margir kviðu fyrir því að þessi mynd yrði of sniðin fyrir Hollywood og myndi missa þá persónutöfra sem upprunalegu myndirnar hafa, en það hefur ekki orðið raunin (Internet Movie Database, e.d.).

Hlutverk ritstjóra

Ritstjórar gegna mikilvægu hlutverki í útgáfu bóka og skiptir þá auðvitað litlu máli hvort um er að ræða glæpasögur, ævisögur eða handbækur. Ritstjórinn setur fram ströng skilyrði um stafsetningu, málfar og uppsetningu texta. Hann ber ábyrgð á því að texti skáldverksins sé ásættanlegur og fullunninn til útgáfu.

¹⁸ *Män som hatar kvinnor*, leikstjóri: Niel Arden Oplev, 2009. Frumsýnd á Íslandi 24. júlí 2009.

¹⁹ *Flickan som lekta med elden*, leikstjóri: Daniel Alfredson, 2009. Frumsýnd á Íslandi 2. október 2009.

²⁰ *Luftsloppet som sprängdes*, leikstjóri: Daniel Alfredson, 2009. Frumsýnd á Íslandi 15. janúar 2010.

²¹ *The Girl with the dragon tattoo*, leikstjóri: David Fincher, 2011. Frumsýnd á Íslandi 20. desember 2011.

Ritstjórar eiga að vera ástríðufullir varðandi skuldbindinguna sem þeir leggja í vinnu sína, og þeir eiga að helga sig því starfi að hjálpa rithöfundinum að segja það sem hann vill segja á sem áhrifaríkastan hátt sem mun ná til sem flestra lesanda. Í rauninni kallar góður ritstjóri fram hæfileika höfundarins, og sú athöfn lýsir vinnu hans í besta ljósi.

Ritstjóri verður að muna að handritið sem hann fer yfir hverju sinni er verk höfundarins og að höfundurinn hlýtur að eiga endanlegt ákvörðunarvald (Gross, 1993:xviii). Rithöfundar þurfa á móti að átta sig á því að ritstjórar eru nauðsynlegir til þess að hvetja þá, uppörva og stundum að ýta þeim í að skrifa eins og þeir geta best skrifað. Ritstjórnir geta gagnrýnt verk, verið hlutlausir og tjáð sig þannig að höfundurinn njóti sín sem mest og þeirra hlutverk er að greina það neikvæða og jákvæða í handriti. Ritstjóri verður þó að læra að ritstýra og hugsa í samræmi við höfund, og öðlast sjónarhorn hans. Annars gæti sambandið á milli þeirra orðið að skapraun og gæti þróast yfir í fjandsamlegt og afkastalítið samband og það svo bitnað á bókinni. Gagnkvæm viðurkenning, virðing og traust leiðir til sambands sem er gott og gefur frá sér bestu bækurnar.

Það er ekki nóg fyrir ritstjóra að segja að honum líki við eða mislíki handrit sem hann fær í hendurnar, heldur verður hann að skilgreina og rökstyðja sína ákvörðun á sannfærandi hátt. Hann á ekki að dæma handrit eins og það er þegar hann les yfir það í fyrsta skiptið, heldur á hann að dæma handritið út frá því sem það getur orðið með mikilli vinnu og tíma. Fyrir ritstjóra kemur upp stund sannleikans þegar hann spyr sig, hvort að hann muni vilja að eiga bókina sem hann ætlar að gefa út. Myndi hann eyða sínum pening til þess að versla bókina sem hann er að hugsa um að gefa út, og myndi hann bæta bókinni í safnið sitt heima hjá sér, og líta til baka eftir nokkur ár með gleði yfir því að ekki aðeins geta lesið hana, heldur að geta lesið hana aftur (Schuster, 1993:27). Ritstjóri ætti ekki að vinna við bók nema hann geti nálgast hana með hlutlægni og eldmóð og hann verður að styðja við jákvætt ritstjórnarferli. Þetta er eftir allt saman ekki bók ritstjórans, heldur bók höfundarins. Ritstjóri er hvorki höfundur né samstarfsmaður; hann tekur ekki þátt í sköpun handritsins og eignarhaldið liggur hjá höfundinum. En þetta þýðir ekki að hann megi ekki segja sína skoðun á handritinu, enda er hlutverk hans að ritstýra bókinni. Ritstjóri býður því upp á skoðanir og leiðbeiningu, en réttur hans til þess að gefa fyrirmæli er takmarkaður. Höfundurinn hlustar á það sem ritstjóri hefur að segja – og annaðhvort samþykkir eða hafnar tillögum hans (Wade, 1993:75).

Það er mikilvægt að muna að ritstjórinn er fyrsti lesandi bókarinnar. Hans viðbrögð eru fyrsta tækifærið fyrir höfundinn að sjá hvernig áhrif bókin muni hafa á lesendur og hvernig

þeir munu taka henni. Ef ritstjóra líkar ekki við bókina, má ætla að viðbrögð a.m.k. sumra almennra lesenda við henni verði svipuð (Waxman, 1993:167). Verkferli útgáfufyrirtækja oftast nær svipað, en nánar verður rætt um það sem og val útgáfubóka í næsta kafla.

Verkferli og val

Útgáfuferli glæpasagna á Íslandi er á engan hátt frábrugðið því sem gerist í annarri útgáfu, en allar erlendar bækur koma til Forlagsins eftir svipuðum leiðum, annars vegar í gegnum umboðsmann eða útgefanda bókarinnar, annaðhvort á bókamessum eða með kynningarefni í gegnum tölvupóst, eða þá að útgáfufélagið sér bókina á erlendum markaði, t.d. með því að fylgjast með erlendum metsölulistum og fréttabréfum hjá erlendum útgáfum og hefur í kjölfarið samband við umboðsmann eða útgefanda bókarinnar og lýsir yfir áhuga á bókinni. Val handrita fer í gegnum ákveðna aðila og eru möguleikarnir tveir, annars vegar er handritið kynnt af ritstjóra á útgáfufundi, rædd á fundinum og er ákvörðun tekin þar eða þá í gegnum tölvupóstsamskipti á milli ritstjóra, útgefanda og framkvæmdastjóra. Verkefnastjóri útgáfu sér um öll samskipti við erlenda réttihafa, þ.e.a.s. að kaupa bækur af þeim, semja um kaup og kjör, hafa uppi á réttum aðilum ef þau hafa áhuga á einhverjum erlendum bókum og svo framvegis (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur 3. júlí 2012).

Ferli útgáfunnar er þannig að hugmynd að útgáfubók berst til útgáfufyrirtækja með einum eða öðrum hætti. Þá er bókin lesin, annaðhvort af einhverjum innanhúss eða öðrum sem treyst er til ráðgjafar um efnið. Kynningarefni er síðan skoðað, sem og aðrar aðgengilegar upplýsingar, svo sem erlendir dómar, erlend sölusaga, o.s.frv. Ef bókin er valin til útgáfu, annað hvort eftir umræðu á fundi eða í gegnum tölvupósta, er útgáfurétturinn keyptur, skrifað undir samninga og vinnueintök eru fengin af bókinni, fyrir þýðanda og yfirlesara. Þýðandi er síðan valinn og útgáfutími áætlaður, skiladagur þýðingar settur og samið er við hann. Þegar þýðandinn skilar textanum er bókin lesin yfir af ritstjóra, yfirleitt einu sinni fyrir umbrot og síðan aftur eftir umbrot, en í einhverjum tilfellum þarf tvo lestra fyrir umbrot. Í þessu ferli tekur þýðandi við leiðréttingum og setur í textann, en í sjálfu umbrotinu er unnið með myndir og texta, skipt upp í fyrirsagnir og fleira. Að lokum er umbrotin bók send í prentsmiðju, bókin gefin út og fylgt eftir á markaði (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur 3. júlí 2012).

Þýðendur

Á Íslandi eru Uppheimar með mesta úrval norrænna glæpasagna, en sem dæmi má nefna rithöfundana Roslund og Hellstrom, Sara Blædel, Thomas Enger, ásamt áðurnefndum Jo Nesbø, Johan Theorin og Lizu Marklund. Forlagið gefur einnig út bækur eftir skandinavísku höfundana Jusse Asler-Olsen, Lene Kaaberbøl og Agnete Friis, Henning Mankell, og sænsku hjónin Per Warhlöo og Maj Sjöwall, á meðan Bjartur gaf út Árpúsunds-þrileik Larssons.

Í næstu köflum verður fjallað um glæpasagnaútgáfu tveggja íslenskra forlaga, Forlagsins og Uppheima. Útgáfufyrirtækin starfa með föstum hópi þýðenda sem þau hafa reynslu af. Hjá Forlaginu er þýðandi valinn eftir því hvers eðlis bækurnar eru, og eftir því hver er laus á hverri stundu. Þau þurfa sárasjaldan að leita út fyrir hóp fastra þýðenda þó það komi auðvitað fyrir. Þá byggja þau á umsóknum sem hafa borist þeim frá fólki sem hefur áhuga á að þýða sem og hugmyndum sem þeim hafa borist um mögulega þýðendur, ef til vill frá öðrum útgefendum. Þýðandinn hefur umsaminn tíma til þess að skila verkinu af sér, og stenst yfirleitt skilafrest sinn þó að það komi auðvitað fyrir að skilum seinki um einhverja daga. Ritstjóri les síðan yfir þýðinguna, gerir athugasemdir og sendir aftur til þýðandans sem fer yfir athugasemdirnar, breytir og bætir. Að þessu loknu ákveður ritstjóri hvort enn þurfi einn lestur fyrir umbrot eða ekki. Bókin er þá sett í umbrot og eftir það er einungis hugsað um prófarkalestur, verið er að laga smærri villur og slíkt. Ritstjóri klárar svo bókina til prentunar og afhendir hana í prentun. Það er ákaflega misjafnt hvað útgáfa tekur langan tíma, en þó er þetta spursmál um einhverja mánuði. Yfirleitt hefur þýðandi í kringum 3–4 mánuði að skila verkinu frá sér, og stundum jafnvel meira en þetta fer eftir því hversu mikið liggur á útgáfunni. Ferillinn allur er frá 6 mánuðum og upp úr en meðal tíminn er um 10 mánuðir (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur, 3. júlí 2012).

Það er mikilvægt að velja þýðanda sem hefur góða þekkingu á íslensku tungumáli, þótt einnig skipti máli að þekkingin á tungumálinu sem verið er að þýða úr sé ágæt. Þegar Uppheimar keyptu fyrirtækið Ara af Önnu R. Ingólfssdóttur, réðu þau hana í leiðinni sem þýðanda og hélt hún áfram að þýða Lizu Marklund og Camillu Läckberg eins og hún hafði gert þegar hún starfaði í sínu fyrirtæki. Hún tók síðan við af þýðingu á bókum Johans Theorin þegar Uppheimar keyptu útgáfuréttinn af honum, og fengu þau þá annan þýðanda til liðs við sig sem heitir Sigurður Þór Salvarsson. Þeir hjá Uppheimum leggja mikið upp úr því að gefa út eins vandaðar þýðingar og kostur er, vegna þess að það er alltof mikið um það að léleg laun fæli frá góða þýðendur. Það er misjafnt hvað það tekur langan tíma að þýða bók en margir nota ólíkar aðferðir við þýðingar. Sumir frumþýða og leggja síðan bókina frá sér og skrifa

Þýðinguna meira í átt til íslenskunnar. Aðrir reyna að klára þetta jafnt og þétt. Alla jafna tekur þýðing á bók um fjóra til sex mánuði. Þýðendur þýða þar af leiðandi ekki nema tvær bækur á ári (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Þýðing á skandinavískum bókmenntum yfir á önnur tungumál getur skapað vandamál vegna þess að bækurnar taka alltaf ákveðnum umbreytingum. Einn virtasti þýðandi skandinavískra bóka í Englandi er Sarah Death en hún sér það sem örgrandi verkefni að þýða skandinavískar glæpasögur en það sem er ef til vill erfiðasta þrautin í sambandi við þýðingar er að endurskapa framandi menningu í öðru menningarsamhengi. Ef sögusvið skáldsögu eru norðlenskar óbyggðir, þá er það ákveðin áskorun að koma sögusviðinu „á framfæri“ í öðru landi með allt öðru náttúrulegu umhverfi. Það hjálpar ef hægt er að sjá fyrir sér umhverfið, þótt ekki væri nema á myndum, enda eru sjaldan tími og peningar til þess að fara og heimsækja ákveðinn stað í þeim tilgangi. Hér er þó menningarleg þekking mikilvægust. Sarah Death talar um það að hún læri oft eitthvað um landið þegar hún les í gegnum bókina sem hún er að fara að þýða en þegar lengra sé komið hugsar hún hvorki um pólitík né heildarmynd, heldur einblíni á litlu hlutina, persónurnar, sjónarhornið, hvernig koma megi orðunum á framfæri og sjálfan orðaforðann (Forshaw, 2012:7).

Margir rithöfundar vinna náið með þýðendum ef verið er að þýða bækur frá skandinavísku yfir á ensku. En það er þó ekki algengt að rithöfundar skipti sér af þýðingum bóka sinna. Rithöfundurinn Henning Mankell skiptir sér til dæmis lítið að þýðingaferlinu á meðan aðrir höfundar vinna náið með þýðendum bóka sinna. Því fleiri skandinavískar bækur sem þýðendur þýða, því meiri innsýn þeir fá inn í sögulegan, menningarlegan og félagslegan bakgrunn Skandinavíu í heild sinni sem og ákveðin sérkenni þjóða. Þetta er mikilvægt þegar reynt er að skilja hvernig Danir, Norðmenn og Svíar sjá sjálfa sig. Þessi sögulega, menningarlega og félagslega þekking er einnig lykilþáttur í tungumálinu. Því meira sem þýðandi þýðir, því dýpri skilning öðlast hann og þýðandinn fær tilfinningu fyrir tungumálinu og getur lesið á milli línanna (Forshaw, 2012:176).

Starfsemi og kynningarmál útgáfufyrirtækja – Forlagið og Uppheimar

Þeir sem sinna kynningar- og markaðsmálum eru kynningarstjóri, markaðsstjóri og sölustjóri. Þessir aðilar sjá alfarið um bókina frá því að hún kemur úr prentun. Þeir sjá um að koma henni í dreifingu í verslanir, tryggja staðsetningu í búðum og að væntanlegir lesendur bókarinnar fái að vita af tilvist hennar. Þeir reyna að ná bókinni í gegn hjá einhverjum fjölmiðlum ef það er

hægt, sjá um viðtöl um bækurnar og við rithöfunda og þeir sjá einnig um auglýsingar bæði á fjölmiðlum sem og í verslununum sjálfum. Kynningarmál Forlagsins eru unnin út frá hverri bók fyrir sig og hverjum höfundi fyrir sig. Hver bók er eins og manneskja, ólík þeirri sem á undan kom og þeirri sem fylgir á eftir og hana ber að nálgast út frá hennar sérstöðu. Þetta er því engin færibandavinna þó að auðvitað séu ákveðnir verkferlar í gangi fyrir allar bækur. Hér gildir ávallt að nauðsynlegt er að trúá á bókina og fylgja henni eftir þeim nótum. Óbein kynning er ein sterkasta kynning sem bók getur fengið og er það því dýrmætt að eiga góð samskipti við fjölmiðla sem fjalla um bækurnar. Umfjöllun og þá að sjálfsögðu góð umfjöllun á vettvangi miðlanna er það sem vekur athygli á bókunum (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur, 3. júlí 2012).

Vinsælir rithöfundar selja að sjálfsögðu flestar bækur. Nafn þeirra er eins konar vörumerki. Lesendur eru tryggir höfundum sínum og þá sérstaklega þegar kemur að skáldskap. Flestar harðspjalda skáldsögur eru keyptar sem gjafir fyrir einhvern annan og oft vill kaupandinn ekki taka áhættuna að versla bók eftir nýjan og óþekktan höfund. Vinsældir höfunda gefa til kynna að hægt sé að ganga að ákveðnum gæðum sem vísam, a.m.k. að í verkum hans sé eitthvað sem höfðar til margra. Arnaldur Indriðason er einn vinsælasti spennusagnahöfundur á Íslandi í dag, en fólk kaupir frekar bækur hans en annarra óþekktra höfunda vegna þess að treysta má á skemmtun og spennu og flestir verða ekki fyrir vonbrigðum. Ritstjórar eru auðvitað engin undanteking á þessari reglu. Þeir sækja í öryggi og halda sig oft við þekkta höfunda og forðast nýjungar (sjá t.d. Marek, 1993:85). Lesendur eru jafnvel til í að fyrirgefa eftirlætishöfundum ef þeir misstíga sig, en þó aðeins svo oft. Ef höfundur gengur í gegnum langt hnignunarskeið er hætt við að hann tapi lesendum sínum.

Hjá Forlaginu geta allir starfsmennirnir haft skoðun og áhrif á það hvaða bækur eru gefnar eru út og með hvaða hætti. Mikil sameiginleg hugmyndavinna er unnin. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að þau þurfa að gefa út bækur sem höfða til ólíkra hópa, og það gera þau með því að taka við ábendingum og álitum frá mismunandi einstaklingum. Forlagið er stærsta bókaútgáfa landsins og hefur mikla útgáfuskyldu, auk þess sem eigendurnir þurfa að sinna miklum baklista, ekki síst vegna þess að undir Forlaginu er elsta útgáfumerki landsins, Mál og menning. Forlagið hefur það að markmiði að gefa út bækur fyrir allan markaðinn og grínast þau jafnvel gjarnan með það að þau gefi út allt á milli himins og jarðar, frá Biblíunni til Kynlífsbiblíunnar og þar á milli. Forlagið er jafnframt í grunninn fjölskyldufyrirtæki, en þar er komin að störfum þriðja kynslóð bókaútgefenda (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur 3. júlí 2012).

Þróun þýðinga á Íslandi

Undanfarinn áratugur hefur verið gósentíð glæpasagnaritunnar hér á landi, en árin 1997 og 1998 mörkuðu nýtt upphaf fyrir þessa bókmenntagrein, en þá komu fram á sjónarsviðið margir höfundar sem hafa látið mikið að sér kveða síðan þá, eins og Arnaldur Indriðason, Árni Þórarinsson og Stella Blómkvist. Mörgum hefur þótt nóg um og margir hafa hugsað að það sé vart hægt að fá neitt útgefið nema glæpasögur. Erfitt er þó að fullyrða nokkuð um það að gróskan í glæpasagnaritun sé á kostnað annars konar bókmennta. Árið 2008 komu að minnsta kosti út tíu glæpasögur og þeim fer fjölgandi ef eitthvað er (Katrín Jakobsdóttir, 2009). „Helsta vandamál íslenskra glæpasagnahöfunda hefur verið að skapa trúverðugan söguheim“ (Katrín Jakobsdóttir, 2001:90), en á undanförunum árum hafa íslenskar glæpasögur orðið fjölbreyttari, fleiri og betri. Sögusviðið hefur þróast og tengst samfélaginu meira og um leið hafa glæpasögurnar „unnið sér þegnrett sem sérstök bókmenntagrein hér á landi“ (Katrín Jakobsdóttir, 2001:91). Það er eftirtektarvert hversu mikill fjöldi skandinavískra glæpasagnahöfunda er gefinn út hér á Íslandi, en þeir eru í miklum meirihluta þegar horft er til greinarinnar, sérstaklega þegar kemur að kiljuútgáfu, en það gefur til kynna að eitthvað megi finna í efnistöku þessarar merku undirgreinar sem höfði sérstaklega til Íslendinga.

Margir rithöfundar skrifa helst einhvers konar sérúsögur frekar en stök verk, en sérúr rata frekar beint í kiljuútgáfu. Sérían hefur einnig ýmsa kosti markaðslega. Ef ein bók selst vel er auðveldara að koma fleiri bókum á framfæri. Lesendum líkar greinilega vel við söguna, persónurnar, söguhetjuna og umhverfið. Henning Mankell, Camilla Lackberg, Lisu Marklund, Johan Theorin og Jo Nesbo, má öll skilgreina sem höfunda sem sérhæfa sig í seríubókmenntum (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Forlagið

Fyrir um 10 árum var Forlagið ekki með neinn skandinavískan höfund á sínum snærum, en fljótlega komst einn höfundur á lista hjá þeim, Tom Egeland. Á Forlaginu voru skandinavískar bókmenntir sniðgengnar af þeirri einföldu ástæðu að þær höfðu ekki selst hér á landi í einhver ár og því var lítið fylgst með því sem verið var að gera í Skandinavíu. Áhuginn á metsöluhöfundum þeirra var takmarkaður og lítil samskipti voru við umboðsmenn og útgefendur.

Nú er Forlagið með ótal skandinavíska höfunda á sínum snærum og fylgst er vel með bókmenntum þessa menningarsvæðis. Sala á þýddum glæpasögum hefur færst frá bandarískum og breskum höfundum yfir á skandinavísku höfundana. Þróunin hefur einnig orðið sú að það eru komin sérstakar umboðsskrifstofur sem sérhæfa sig í erlendra réttindasölu höfunda úr þessum heimshluta en áður voru það nánast einvörðungu forlögin sjálf sem sáu um slíkt. Annað sem gerst hefur á þessum markaði er að nú er nánast ómögulegt að gefa út innbundna frumútgáfu bókanna, lesendur vilja kiljur og bíða þá frekar eftir þeim, sérstaklega þegar kemur að glæpasögum (Sif Jóhannsdóttir munnleg heimild, 29. maí 2012).

Þróunin á glæpasögum í gegnum árin er sú að þær eru orðnar grófari og ofbeldið í þeim meira. Talað er um skandínavískt raunsæi í tengslum við glæpasagnagerð svæðisins, en sú áhersla er víðsfjarri frá ofurhetjum amerískra glæpasagna, en ekta amerískur reyfari er ákveðið form sem má segja að einkennist af harðsoðnum, drykkfelldum og keðjureykjandi einkaspæjara, sem kynnist fallegu tálkvendi og þar sem sjálfsbjargarviðleitni eða eigingirni kemur í stað gamaldags hetjudáða (Heimir Snorrason, 2003).

Hetjur norrænu bókanna eru oftast en ekki mjög mannlegar, fullar af breyskleika, með sömu vandamál og hrjá almenna lesendur, en auðvitað má þó taka fram að þær myndir sem dregnar eru upp í íslenskum krimmabókum eru svolítið úr tengslum við raunveruleikann þó auðvitað hafi orðið breyting á eftir að alþjóðleg glæpastarfsemi tók að festa rætur hér á landi. Viðhorf lesenda og fjölmiðla til þessarar bókmenntagreinar hefur einnig breyst þó enn sé hún litin hornauga í sumum menningargeirum. Áður fyrr naut greinin engrar virðingar en nú er ástandið vissulega betra og fagleg umfjöllun um glæpasögur er meiri en áður var (Sif Jóhannsdóttir, tölvupóstur, 29. maí 2012).

Uppheimar

Uppheimar byrjuðu að gefa út glæpasögur eiginlega fyrir tilviljun. Þeim bauðst að kaupa lítið fyrirtæki sem hét Ari útgáfa, eins og áður hefur komið fram, sem Anna R. Ingólfssdóttir þýðandi stofnaði í kringum verk sem hún var að þýða, en hún hafði keypt útgáfuréttinn af bókum Lizu Marklund, sem hefur verið mjög vinsæl hér á landi sem og annarsstaðar. Marklund kom fyrst út undir merki Máls og menningar, en það voru einhverjar spurningar hvort það gæti haldið áfram þar og Anna vildi endilega halda áfram. Hún stofnaði því fyrirtæki í kringum þýðingarnar, gaf út nokkrar bækur og ákvað síðan að selja fyrirtækið til Uppheima. Þetta var leið Uppheima inn í glæpasagnadeildina. Strax fyrsta árið, árið 2008,

fóru þau í sérstaka markaðsherferð um páskana. Þau tóku upp á því að auglýsa bók í sjónvarpinu, en fram að þeim tíma þá var það hending ef það sást bókaauglýsing í sjónvarpi nema fyrir jólin. Þeim tókst á fyrsta ári að þrefalda söluna og byggja upp miklar vinsældir á tiltölulega fáum árum. Þessi bók sem auglýst var í sjónvarpinu var *Steinsmiðurinn* eftir Camillu Läckberg. Camilla hafði gefið út tvær bækur áður, *Ísprinsessuna* og *Predikarann* og hafði þeim gengið ágætlega, en með *Steinsmiðinum* varð sprenging. Liza Marklund fylgdi í kjölfarið ásamt fleiri erlendum útgefendum sem sáu hvað Uppheimar voru að gera en þeim bauðst að gefa út fleiri þekkta höfundu, svo sem Jo Nesbø og svo koll af kolli. Þau hjá Uppheimum hafa ekki tölu á því hvað þau hafa gefið út margar bækur eftir norræna rithöfunda og eru þau ennþá að bæta við.

Hjá Uppheimum er Camilla Läckberg vinsælasti rithöfundurinn og nýjasta bókinn úr smiðju hennar og sú áttunda í röðinni nefnist *Englasmíðurinn*. Það hefur engin bók í glæpasagnadeildinni selst jafn hratt á tveimur mánuðum, en 4000 eintök eru farin. Läckberg er með næst mest seldu bók ársins frá áramótum, en hefur aðeins verið í sölu í rúma tvo mánuði, en þetta lýsir vinsældum hennar hér á landi. Verið er að endurprenta *Ísprinsessuna* í fjórða sinn. Það sem einkennir þessar seríur, er að nýjir lesendur sem koma inn í miðja seríu þurfa endilega að lesa eldri bækurnar líka. Í bókum Camillu fylgir maður alltaf sömu einstaklingum sem þróast og breytast í hverri bók, en upplifunin er þannig að maður kynnist söguhetjunum, og deilir ævintýrunum og spennunni með þeim. Þau verða eins og kunningjar og jafnvel vinir sem maður gleðst að hitta aftur í nýrri bók og saknar þegar bókinni lýkur. Næstur á eftir Camillu kemur Jo Nesbø, en hann er einnig að slá í gegn á heimsvísu. Nesbø er annar höfundurinn í sögunni sem kemst í fyrsta sæti á sölulista í Bretlandi og það þrátt fyrir að bókinn sé innflutt og þýdd, en Stieg Larsson var sá eini fram að þeim tíma. Uppheimar frumútgefa allar glæpasögur í kiljum, þó svo að þær komi fyrst út í harðspjalda bókum á Norðurlöndum. Ástæðan er sú að fólk býður frekar eftir kiljuútgáfunum, og því selst lítið af harðspjalda bókum (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Þau hjá Uppheimum leituðu að sambærilegri sænskri skáldkonu við Läckberg, en eftirspurnin eftir verkum á borð við hennar er mikil. Er hún nú líkast til fundin, en Viveca Sten er sögð líklegust til þess að verða arftaki Camillu, þótt hún sé reyndar fimmtán árum eldri. Fimmta bók Sten kom út úti í Svíþjóð 2012, en hún hefur gefið út eina skáldsögu á ári frá 2008. Uppheimar þýða verkin úr Sandhamn–seríunni í réttri röð og kemur fyrsta bókinn út á Íslandi á þessu ári (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Gagnrýni á skandinavískar glæpasögur

Margir hafa gagnrýnt skandinavískar glæpasögur og talið þær vera dæmi um lakar bókmenntir. En það sem er ótrúlegt varðandi þessa umræðu er hversu fljótt viðhorfið getur breyst: „But the remarkable thing about the debate is how quickly the high/low hierarchy reappears and how easily critics resort to determining what characterizes the one and the other respectively“ (Persson, 2011:156). Fordómarnir gagnvart bókmenntagreininni eru sérlega sláandi. Bókagagnrýnandinn Per Svensson heldur því fram að rannsóknaglæpasagan sé sú grein sem helst fylgi ákveðinni formúlu í nútímanum og gagnrýnandinn Aase Berg tekur undir þá sýn og heldur því fram að glæpasögur innihaldi aðeins klisjur og klámkenndan kvíða (pornography of anxiety). Þær fjalli ekki aðeins um geðsjúklinga, heldur geti þær gert lesendur að geðsjúklingum. Þótt vissulega hafi glæpasögur verið mótaðar af formúlum eru þær að þróast í rétta átt og snúast ekki lengur um morð í bókasöfnum höfðingjasetra, heldur snúast um raunveruleg samfélagsvandamál. Bókmenntirnar horfa til glæpasagna, rétt eins og glæpasagan tekur upp aðferðir alvöru skáldskapar:

The Detective story is no longer content with clean murders in the library of a mansion. Nor can it rely on the reader's interest in the mystery of the locked room. Instead, it seizes hold of the whole repertoire of thematic and formal possibilities that were long considered to be reserved for „genuine“ literature: from existential problems to social critique; from psychological realism to metafiction. Just as the literary novel has approached the crime story, the crime story has approached the literary novel. (Persson, 2011;156)

Lokaorð

Glæpasögur höfða til Íslendinga, en söguviðið er ekki bundið við Skandinavíu, heldur koma þær einnig frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Rithöfundar eins og James Patterson, Camilla Läckberg, Jo Nesbø, Henning Mankell, Yrsa Sigurðardóttir, Arnaldur Indriðason, Johan Theorin, Jusse Adler-Olsen, Patricia Cornwell og ýmsir aðrir eru ofarlega á vinsældarlistum, enda mikill markaður fyrir þessar tegundir bóka. Fólk virðist heillast af glæpum, hrylling, spennu og oftast en ekki, farsælum endalokum, en hörmungar umhverfisins bjóða ekki alltaf upp á slíkar lausnir. Að sama skapi heillar ráðgátan og framandi heimur glæpa og undirferla, ekki síður en upplifunin að sjá gátuna leysta á fullnægjandi hátt. Katrín Jakobsdóttir orðaði það svo: „Harmleikur nær áhrifum með því að vekja skelfingu og vorkunn og veita þar með þessum kenndum útrás en útrásin er holl því hún leysir áhorfendur undan ofurvaldi tilfinninganna. Lesendur glæpasagna upplifa þá væntanlega skelfingu og spennu og fá svo útrás“ (Katrín Jakobsdóttir, 2001:24).

Glæpasögur hafa gengið vel og er stór markaður fyrir þær hér á landi. Sögurnar höfða til beggja kynja og lesenda á öllum aldri á meðan önnur skáldverk hafa gjarna afmarkaðri lesendahópa. Norræna glæpasagan er líklega miklu meira en líðandi tíska – vegna þess hversu sterk og raunveruleg skrifin eru mun fólk halda áfram að lesa þessar bækur:

The Nordic crime fiction phenomenon is much more than a passing literary fashion – it is based on solid, quantifiable literary achievement. The great majority of strong, authentic writing from the Nordic countries will continue to be read, long after any cachet of novelty is forgotten. (Forshaw, 2012:191)

Norrænu glæpasöguna er ekki hægt að skilja frá sögulegu og samfélagslegu samhengi sínu, en viðfangsefni hennar og persónusköpun er mótuð af því félagslega umhverfi sem henni er ætlað að miðla. Þá er ekki aðeins um að ræða fórnarlömbin eða morðingjana heldur einnig sögumennina, hvort sem þeir eru lögreglugengi, blaðamenn, rithöfundar, eða hver sá sem rannsakar glæpinn. Félagslegur skilningur norrænna glæpasagna er oftast en ekki notaður til þess að koma einhverskonar boðskap á framfæri. Þessari tegund glæpasagna er í rauninni ætlað að betrumbæta samfélagið, betrumbæta það sem miður fer. Þetta eru bækur með boðskap þar sem hvergi er reynt að slaka á skemmtigildinu, en það er auðvitað misjafnt hvorum megin áherslan liggur (Kristján Kristjánsson munnleg heimild, 30. maí 2012).

Glæpasagan fær fólk til að hugsa um nærumhverfi sitt, hvað mætti betur fara og hvað sé rétt og rangt. Það að lesa glæpasögu getur verið ákveðin uppvakning og ánægjuleg

upplifun. Lesandinn hverfur inn í annan hugarheim, þar sem hið réttláta og góða vinnur sama hversu heimurinn er óréttlátur og vondur.

Heimildaskrá

- Bergman, K. (2011). The Well-Adjusted Cops of the New Millenium: Neo-Romantic Tendencie in the Swedish Police Procedural. Í Nestingen, A. og Arvas, P. (ritstjórar), *Scandinavian Crime Fiction* (bls. 34–46). Cardiff: University of Wales Press.
- Cavin, R. (1993). Editing Crime Fiction. *Editors on editing. What writers needs to know about what editors do* (bls. 194205). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.
- Forshaw, B. (2012). *Death in a Cold Climate: A Guide to Scandinavian Crime Fiction*. England: Palgrave Macmillan.
- Guðni Elísson. (2006). Dauðinn á forsíðunni: DV og gotnesk heimssýn. *Skírnir*, 180 (vor og haust), 108–132 og 313–356.
- Gross, G. (1993). Introduction. *Editors on editing. What writers needs to know about what editors do*. (bls. xiii–1). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.
- Haut, W. (1999). *Neon Noir: Contemporary American Crime Fiction*. London: Serpent's Tale.
- Heimir Snorrason. (2003, 9. apríl). Í reyfurum er framinn glæpur. *Morgunblaðið*. Sótt 3. september 2012 af http://www.mbl.is/greinasafn/grein/724375/?item_num=98&dags=2003-04-09
- Internet Movie Database. (e.d.). Sótt 30. ágúst 2012 af <http://www.imdb.com/title/tt1132620/>

Katrín Jakobsdóttir. (2001). *Glæpurinn sem ekki fannst*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.

Katrín Jakobsdóttir. (2009). Engin glæpasagnakreppa – Íslenska glæpasagnaárið 2008. *Tímarit Máls og menningar 1* (70), bls. 36–49.

Lenz. T. O. (2003). *Changing Images of Law in Film & Television Crime Stories: Politics Media & Popular Culture*. Peter Lang Publishing.

Marek. R. (1993). How Books are Chosen: What Goes Into Making an Editorial Decision. *Editors on editing. What writers needs to know about what editors do.* (bls. 83–93) 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.

McCorristine, S. (2011). The Place of Pessimism in Henning Mankell's Kurt Wallander series. Í Nestingen, A. og Arvas, P. (ritstjórar), *Scandinavian Crime Fiction* (bls. 77–89). Cardiff: University of Wales Press.

Meyhoff, K. W. (2011). Digging into the Secrets of the Past: Rewriting History in the Modern Scandinavian Police Procedural. Í Nestingen, A. og Arvas, P. (ritstjórar), *Scandinavian Crime Fiction* (bls. 62–77). Cardiff: University of Wales Press.

Nestingen, A. og Arvas, P. (2011). Introduction: Contemporary Scandinavian Crime Fiction. Í Nestingen, A. og Arvas, P. (ritstjórar), *Scandinavian Crime Fiction* (bls. 1–21). Cardiff: University of Wales Press.

Persson, M. (2011). High Crime in Contemporary Scandinavian Literature – the Case of Peter Høeg's Miss Smilla's Feeling for Snow. Í Nestingen, A. og Arvas, P. (ritstjórar), *Scandinavian Crime Fiction* (bls. 148–158). Cardiff: University of Wales Press.

Riving, C. (2008). Änglamaskeran från Helsingborg. *Scandia*, 69 (1), bls. 75–107.

Rut Ingvarsdóttir. (2010). Þegar glæpasagan stal senunni. *Spássián* 1 (vetur), bls. 9–15.

Schuster, M. L. (1993). An Open Letter to a Would-be Editor. *Editors on editing. What writers needs to know about what editors do.* (bls. 22–29). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.

Spicer, C. (1993). Editing True Crime. *Editors on editing. What writers needs to know about what editors do.* (bls. 188–194). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.

Thomas, R. R. (1999). *Detective Fiction and the rise of Forensic Science.* Cambridge University.

Wade, J. O. (1993). Doing Good – And Doing it Right: The Ethical and Moral Dimensions of Editing. *What writers needs to know about what editors do.* (bls. 73–83). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.

Waxman, M. L. (1993). Line Editing: Drawing Out the Best Book Possible. *What writers needs to know about what editors do.* (bls. 153–169). 3. útgáfa, ritstjóri Gerald Gross, New York: Grove Press.

Yrsa Sigurðarsdóttir. (2008). Af hverju eru glæpasögur svona vinsælar? *Stína – Tímarit um bókmenntir og listir* 3 (2), 49–51.

Heimildir úr tölvupósti:

Sif Jóhannsdóttir, verkefnastjóri útgáfu Forlagsins. [Tölvupóstur 29. maí 2012]

Sif Jóhannsdóttir, verkefnastjóri útgáfu Forlagsins. [Tölvupóstur 3. júlí 2012]

Viðtöl

Kristján Kristjánsson, Viðtal 30. maí 2012.

Viðauki: Viðtal við Kristján Kristjánson í Uppheimum þann 30. maí 2012

Hver er saga glæpasagnaþýðinga frá Norðurlöndunum hjá Uppheimum á þeim tíma sem þú hefur unnið þar ?

Frumkvöðlarnir eru sænsku hjónin Maj Sjöwall og Per Warhlöö og þau byrjuðu að skrifa sínar skáldsögur sem þau kölluðu skáldsöguglæp á áttunda áratugnum. Og það var byrjað að þýða þær hér árið 1977, þannig að þetta er orðin nokkuð löng saga. Og urðu hér býsna vinsælar. Eins og þekkt er í þessum glæpasögum, hvort sem þær eru norrænar eða bandarískar, breskar, þá eru þetta yfirleitt einhverskonar séríu bókmenntir, frekar en stök verk, en framan af voru þetta kannski fyrst og fremst þessir höfundar sem voru þýddir. En þeir ruddu brautina fyrir aðra norræna höfunda. Þessir höfundar urðu kannski ekkert beint heimsfrægir, slógu ekki beint í gegn á heimsvísu, en fyrsti norræni höfundurinn sem það gerði, var Peger Høeg með bók sem heitir á frummálinu *Frk. Smills fornemmelse for sne* en hún var þýdd á íslensku undir heitinu *Lesið í snjóinn* og þessi bók varð í rauninni heimsfræg. Það er til saga um breskan útgefanda sem keypti útgáfu réttinn af þessu verki og ég hló af honum. Vegna þess að hann var að gefa út norræna glæpasögu í heimalandi glæpasögunnar á þeim tíma, sem var Bretland. En þessi bók sló í gegn og var seld út um allan heim. Og þetta eru þau tvenn tímamót sem mér finnst eftirtektarverðust um það hvernig norræna glæpasagan kemur hingað og ryður sér til rúms á heimsvísu. Svo má telja upp höfunda sem koma upp í kjölfarið, Henning Mankell, og svo öll romsan.

Það sem einkennir norrænu glæpasöguna frá upphafi skilur sér svolítið frá bæði þessari bresku sagnfræði sem rekja má til Agöthu Christie, og síðan þessara amerísku, svokallaði hinn harðsoðni reifari, t.d. frá Raymond Chandler. Og James Patterson í seinni tíð.

Norræna glæpasagan er samfélagslega miðuð, og tekið af persónunum í því samfélagslega samhengi sem það birtist. Og ekki bara fórnarlömbin eða morðingarnir heldur fyrst og fremst sögumennirnir, eða lögreglugengið eða blaðamaðurinn eða hver það sem er að rannsaka glæpinn. Að hann sé samfélagslega meðvitaður með samfélagsleg vandmál og glæpurinn verður oftast en ekki notaður til þess að koma einhvers konar boðskap á framfæri. Þessi tegund glæpasagna á í rauninni að betrubæta samfélagið, betrubæta það sem miður fer. Þetta eru bækur með boðskap. Frá þeirri tegund og einnig eru bækur þar sem áhersla er lögð á skemmtanagildi. Það er misjafnt hver árherslan er. Eins og um er að litast í norrænum glæpasagnaheimi þá er bara verið að tala um norrænu glæpasagnabylgjuna, ekki bara á

Íslandi, heldur út um allan heim. Þar skjóta upp stór nöfn, t.d. Stieg Larson, og þar má nefna að þessar þrjár bækur hans, voru í fyrsta, öðru og þriðja sæti í Kína á tímabili. Og þær eru vissulega í tísku. Þetta er tískufyrirbæri í heimsbókmenntum.

Hvernig hefur þróunin verið?

Það hefur átt sér stað ákveðin merkjanleg þróun, til dæmis með fyrstu sögum Per Warhlöö, að þetta hefur verið að hvíslast meira, kannski er það sem er markverðast sem hefur gerst í því er að ýmsir kvenglæpasagnahöfundar í skandínavía, að þær hafi skapað nýja tegund af glæpasögum. Og fengið á sér sérstakt tegundaheiti, kallað *femikriminal* eða kvenglæpasögur. Þar er yfirleitt kona, sem er söguhetjan, og við fáum að vita álíka mikið um einkalíf þessarar persónu og við fáum að vita um glæpin sem verið er að rannsaka. Þetta eru ekki harðsoðnir lögreglukappar einhverjir, eins og t.d. hjá Henning Mankell, þar sem aðalsöguhetjan er drykkfelldur einfari, heldur er þetta stundum venjuleg húsmóðir út í bæ, eins og hjá Camillu Läckberg, en söguhetjan hennar er rithöfundur og aðstoðar manninn sinn við að leysa glæpi. Og á sama tíma þá fáum við alveg eins að vita um fæðingarþunglyndi, skreytingar í stofunni, áhyggjur og vandamál með systurina, svona kvenlegt sjónarhorn á umhverfi söguhetjunnar. Ástæðan fyrir vinsældum þessara bóka og ekki síst hjá konum er að þeim finnst auðveldara að samsama sig þessum heimi, það er auðveldara að lifa sig inn í þennan heim. Þetta er eitthvað sem konur þekkja betur heldur en karlar, og samsama sig venjulegu fólki sem verða að einhverskonar hetjum. Heldur en við töffara á borð við James Bond. Glæpasagan hefur verið að þróast og breytast jafnt og þétt samhliða bókmenntum. Það verða til allskonar undirgreinar, það er t.d. núna einn norskur rithöfundur sem er óperusöngvari, en hann er að skrifa um glæp sem gerist einmitt í óperunni. Glæpir geta gerst allstaðar og glæpasagan hefur bara jafnt og þétt verið að breytast. Ef við skoðum íslensku glæpasögurnar, saga hennar er mjög stutt í rauninni, hún er svona álíka löng og saga frá því 1977, menn gerðu örfáar tilraunir sem tókust ekkert sérstaklega vel. Það var ekki fyrr en með Arnaldi sem að menn áttuðu sig á því að það er hægt að skrifa glæpasögur inn í íslenskt umhverfi.

Það er til nokkuð stór hópur íslenskra glæpasagna og eru stöðugt fleiri að reyna að spreyta sig á þessu. Það er ekki eins auðvelt að skrifa glæpasögu eins og það lítur út fyrir að vera. Því að það verður að vera til staðar ákveðinn trúverðugleiki, það verður að vera ákveðinn sannleikur í sögunni og maður verður að trúá henni. Og rithöfundar fara stundum misjafnlega langt út af þeirri slóð. Maður verður einnig að vera tilbúinn til þess að fylgja aðalsöguhetjunni.

Það er í rauninni ekki meira um yfirnáttúrulegar tengingar í glæpasögum í dag, glæpasagan reynir að vera raunsæ. Johan Theorin lætur annars heims verur vera í bókum sínum og ýmis konar draugagang, þetta er frekar undantekning að það sé verið að nota yfirnáttúrulegar tengingar. Mons Kallentoft notar þetta oft, og notar í söguna að sá sem segir frá er sá sem er myrtur. Eins og hann gerir í fyrstu bókinni sinni, Vetrarblóð. Yrsa gerir þetta líka, hefur verið að fara svolítið frá þessari hreinræktuðu glæpasögu yfir í hrollvekjuna.

Var einhver ákveðin bylting með sérstökum höfundi hjá Uppheimum?

Þegar Uppheimar byrjuðu að gefa út glæpasögur þá gerist það nú bara eiginlega fyrir tilviljun. Okkur bauðst að kaupa lítið fyrirtæki sem hét Ari útgáfa, þar sem einn þýðandi stofnaði fyrirtæki í kringum verk sem Anna R. Ingólfssdóttir var að þýða, en hún hafði keypt útgáfuréttinn af Lisu Marklund. Sem hefur verið mjög vinsæl. Hún byrjaði að koma út frá merki Máls og menningar en það voru einhverjar spurningar þar hvort það gæti haldið áfram, en hún vildi endilega gefa bókina út. Hún stofnaði þetta fyrirtæki í kringum þýðingarnar og gaf út nokkrar bækur og ákvað síðan að selja fyrirtækið til Uppheima. Það er leið Uppheima inn í glæpasagnadeildina. Strax á fyrsta ári 2008 þá fórum við í sérstaka markaðsherferð, um páskana, við tókum upp á því að auglýsa bók í sjónvarpinu, fram að þeim tíma þá var það hending ef það sást bókauglýsing í sjónvarpi nema bara fyrir jólin. Okkur tókst á fyrsta ári að þrefalda söluna og tókst að byggja upp miklar vinsældir á tiltölulega fáum árum. Bókin sem um er að ræða er Steinsmiðurinn eftir Camillu Läckberg. Hún hafði gefið út tvær bækur áður, Ísprinsessuna og Predikarann og þær höfðu gengið ágætlega, en með Steinsmiðinum varð sprenging. Þá fylgdi Lisa Marklund í kjölfarið og erlendir útgefendur sem sáu hvað við vorum að gera, allt í einu þá bauðst okkur að gefa út fleiri þekkta höfunda, svo sem Jo Nesbø og koll af kolli. Við höfum ekki tölu á því hvað við erum að gefa út marga núna og við erum ennþá að bæta við.

Hver er sá allra vinsælasti höfundurinn?

Camilla Läckberg er vinsælasti höfundurinn hjá Uppheimum og síðasta bókin sem við gáfum út núna sem er sú áttunda í röðinni, Englasmiðurinn, það hefur engin bók í glæpadeildinni selst jafn mikið og hratt á rúmum tveimur mánuðum. Búið er að selja í kringum 4000 eintök af Englasmiðinum. Hún er með næst mest seldu bók ársins frá áramótum, en hefur aðeins verið í sölu í rúma tvo mánuði.

Verið er að endurprenta Ísprinsessuna í fjórða sinn, en það er það sem einkennir þessar seríur, að nýjir lesendur sem koma inn í miðju seríu þurfa endilega að lesa eldri bækurnar líka. Þar af leiðandi virðist vera jöfn sala. Næst á eftir Camillu kemur Nesbø, en hann er eins og Camilla, að slá í gegn á heimsvísu. Hann er annar höfundurinn í sögunni sem kemst í fyrsta sæti í Bretlandi, á sölulista fyrir innfluttar og þýddar bækur. Við frumútgefum þessar glæpasögur í kiljum en þær koma fyrst út úti í harðspjalda, en Uppheimar gefa bara út í kiljum. Fyrsti maðurinn sem kemst á toppinn í Bretlandi sem þykir mjög stórt er Stieg Larsson, með þýdda bók. Jo Nesbø var annar til þess að koma á toppinn með bók sem ekki er komin út á Íslensku, en heitir hlébarðinn á ensku.

Hvernig er þýðandi valinn?

Þegar við kaupum fyrirtækið af Önnu R. Ingólfssdóttur, þá réðum við hana í leiðinni sem þýðanda og hélt hún áfram að þýða Camillu og Lisu Marklund. Svo tók hún við Johan Theorin þegar við keyptum útgáfuréttinn af honum, og þá fengum við annan þýðanda til liðs við okkur sem heitir Sigurður Þór Salvarsson. Það er mjög mikilvægt þegar verið er að velja þýðanda að þýðandi sé valinn sem kann mjög góða íslensku. Kunnáttan í tungumálinu sem verið er að þýða frá er ekkert úrslitaatriði. Vissulega þarf að hafa góða þekkingu á tungumálinu en það skiptir öllu máli að geta skrifað góða íslensku. Og við leggjum í rauninni mikið upp úr því að gefa út þessar þýðingar eins vandaðar og kostur er, vegna þess að það er alltof mikið um það að það veljist ekki nógu góðir þýðendur vegna þess hve þetta starf er illa borgað. Þetta er ekki vel borgað starf, en við reynum að gera vel við þýðendurnar hjá Uppheimum, sem gerir það að verkum að við erum með mjög færa þýðendur. Það er misjafnt hvað það tekur langan tíma að þýða. Margir nota ólíkar aðferðir við þýðingar, sumir frumþýða, og leggja síðan bókina frá sér og skrifa þýðinguna í meiri átt til íslenskunnar. Aðrir reyna að klára þetta jafnt og þétt. En alla jafna tekur þetta 4-6 mánuði. Þýðendur eru þar af

leiðandi ekki að ná að þýða nema tvær bækur á ári. Svo er maður kannski að byrja að kaupa inn seríu að utan, en þá eru komnar fimm til sex bækur, en það þarf að byrja á byrjuninni og þýða fyrstu bókina fyrst. En það hafa komið út tvær bækur á ári eftir Camillu. Og eins með Jo Nesbø.

(Camilla er mjög upptekin í Svíþjóð, en hún er að taka þátt í danssjónvarpsþætti í Svíþjóð og er að skrifa barnabók. Von er á tveimur nýjum bókum eftir Camillu á næstu fimm árum).

Við erum að leita að sambærilegri sænskri skáldkonu sem getur fyllt upp í þetta skarð. Og við erum búin að finna hana, og heitir hún Viveca Sten og skrifar um Skärgård og er sögð í Svíþjóð sú sem er líklegust til að vera arftaki Camillu. Fimmta bókin hennar er að koma út, og fyrsta bókin kemur út á þessu ári. Þriðja bók Johans Theorin kemur út í sumar og heitir *Steinblóð*.

Útgefendur bera ábyrgð á sölu og dreifingu, við getum fengið bókasendingu aftur í hausinn ef bókin selst ekki. Ísland hefur einnig sérstöðu varðandi það að í örfáar vikur á hverju ári, þá taka stórmarkaðir inn jólabækurnar og selja þær með miklum afslætti í nokkrar vikur. Þeir taka bara hluta af útgáfunni, sumar bækur fá ekki séns. Þetta takmarkar möguleika útgefanda á því að selja sínar bækur. En í 10 mánuði á ári þá þurfa bókaforlögin að treysta á bókabúðir. Hagkaup hefur þó verið að taka meira af bókum yfir árið en þeir eru fyrst og fremst að horfa á það sem selst á hverjum tíma og það er þá fyrir utan jólamarkaðinn. Til dæmis er sumarið tími túristabóka.

Í dag eru Uppheimar með bækur í sölu á yfir 100 stöðum í landinu, þá í bensínstöðvum og er það töluvert mikið mál að halda utan um það.